

3. stjórnarfundur

FORMA 2013 – 2014

Dags. 7/11 2013

Tími: kl. 16.30.

Staður: Stofa námsráðgjafa

Mætt: Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Harpa Hjarðar, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zóphóníasdóttir, Jón Stefán Baldursson, Marías Kristjánsson, Þuríður Árnadóttir.

Bryndís Arnarsdóttir hefur gengið úr stjórn en inn kemur Harpa Hjarðar.

1. Ljúka að ganga frá bréfi til leigusala og senda út.
2. Aðeins hefur borið á að 1. bekkingar séu boðnir í partý með 4.bekkingum. Ítreka þarf að foreldrar tengist saman með netfangalista eða á feisbók svo hægt sé að fylgjast með þessu betur og að minna 4.bekkinga á að þeir standi við loforð sitt um að halda ekki þessi partý a.m.k. fyrstu 3 mánuði vetrarins.
3. Uppgjör Hólavatsferða. Afgangur af Hólavatsferðum kr. 53.750.-
4. Endurkoma Siggú Daggar fyrir 2. bekk. Helena ætlar að hafa samband við hana og athuga hvort hún er væntanleg til Akureyrar eftir áramót. Áhugi er fyrir að bjóða upp á fræðslu fyrir 2.bekk . Einnig að skoða fræðslu fyrir foreldra nemenda í 1.og 2. bekk. Hugmyndir eru um að fá Andreu Hjálmarsdóttur, Guðjón Hauksson eða meðlimi Barnings til að vera með fræðslu.
5. Bréf frá Samtaka um samstarf. Fundarmenn vilja fá meiri upplýsingar og að vita hver þörfin er fyrir miðbæjarrölt, nágbrannavörslu og hverfisrölt. Formanni Samtaka boðið að koma á næsta fund.
6. Stærðfræðikennsla í MA. Herdís hefur verið að taka saman tölur um það hve margir nemendur færa sig af stærðfræðibrautum. Ekki eru til tölur nema fyrir síðasta skólaár. 2012-13: 1. bekkur 25 nemendur 2. bekkur 19 nemendur sem flytja sig af stærðfræðibrautum yfir á mála- og félagsfræði. Inni í þessum tölum eru ekki þeir sem hætta. Þetta þykur okkur óeðlilega mikið brottfall. Herdís ætlar að halda áfram að safna tölum. Þetta mál verður tekið upp á næsta fundi.

Næsti fundur verður að 4 vikum liðnum að öllu óbreyttu.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 18.00

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.